

## Samkomulag um beitingu greiðslujöfnunar með þaki á lengingu lánstíma fyrir verðtryggð fasteignaveðlán einstaklinga og fasteignaveðlán einstaklinga í erlendri mynt

Félags- og tryggingamálaráðuneytið, efnahags- og viðskiptaráðuneytið, Íslandsbanki, NBI Landsbankinn, Nýi Kaupþing banki, Byr sparisjóður, Samband íslenskra sparisjóða, Kaupþing banki hf, Slitastjórn SPRON, Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) f.h. annarra aðildarfélaganna sinna sem eru á íbúðalánamarkaði, Landssamtök lífeyrissjóða og Íbúðalánasjóður gera með sér svofellt samkomulag um beitingu greiðslujöfnunar fasteignaveðlana með þaki á lengingu lánstíma.

### I.

Samkvæmt samkomulagi þessu skulu lánveitendur verðtryggðra fasteignaveðlana og fasteignaveðlana í erlendri mynt tryggja einstaklingum sem óska eftir greiðslujöfnun fasteignaveðlana að lánstími lengist ekki meira en sem nemur þremur árum umfram núverandi lánstíma.

Samkomulag þetta nær til verðtryggðra lána sem falla undir lög nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga með síðari breytingum. Einnig nær samkomulag þetta til fasteignaveðlana í erlendri mynt sem falla undir samkomulag viðskiptaráðuneytisins við SFF og Slitastjórn SPRON dags. 8. apríl 2009. Skilyrði greiðslujöfnunar fasteignaveðlana í erlendri mynt eru þó þau að skilmálar láns kveði á um að það greiðist að fullu með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum afborgana og vaxta og að eftir standi fimm ár hið minnsta af lánstíma.

Um framkvæmd greiðslujöfnunar á lánstíma gilda að öðru leyti ákvæði laganna hvað varðar verðtryggð fasteignaveðlán og ákvæði samkomulagsins frá 8. apríl 2009 hvað varðar fasteignaveðlán í erlendri mynt.

Ef greiðslur samkvæmt greiðslujöfnun nægja ekki til að greiða upp lánið áður en núverandi lánstíma lýkur skal lántaki endurgreiða eftirstöðvar verðtryggðs láns í samræmi við 4. mgr. 5. gr. laga nr. 63/1985 en eftirstöðvar af láni í erlendri mynt skal endurgreiða í samræmi við ákvæði samkomulagsins frá 8. apríl 2009. Ef eftirstöðvar eru enn á láni þegar þrjú ár eru liðin umfram núverandi lánstíma og lántaki hefur staðið í fullum skilum með greiðslur í samræmi við þær reglur sem um þær gilda tryggir lánveitandi að skuldin verði felld niður og veðböndum aflétt af fasteigninni án frekari kvaða.

### II.

Samningsaðilar samþykkja, sem síðari veðhafar, skilmálabreytingar lána sem frammar eru í veðröð og varða breytingar á skilmálum veðskuldabréfs vegna greiðslujöfnunar samkvæmt þessu samkomulagi, lögum nr. 63/1985 um greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga með síðari breytingum varðandi verðtryggð lán eða framangreindu samkomulagi dags. 8. apríl 2009 um greiðslujöfnun lána í erlendri mynt.

Fallast samningsaðilar á að ákvæði yfirlýsingar um samþykki síðari veðhafa, dags. 20. apríl 2008, skuli gilda um skilmálabreytingar samkvæmt samkomulagi þessu að því er varðar lán í erlendri mynt.

Þá fallast samningsaðilar á að yfirlýsing um samþykki síðari veðhafa frá 9. desember 2008 skuli gilda um skilmálabreytingar samkomulag þessu að því er varðar verðtryggð lán.

Jafnframt munu aðilar að yfirlýsingu um samþykki síðari veðhafa frá 9. desember 2008 um greiðslujöfnun verðtryggðra lána framlengja gildistíma hennar til ársloka 2012 í samræmi við gildistíma samkomulags þessa.

### III.

Samningsaðilum er ljóst að í samkomulagi þessu felst samræming á viðskiptaskilmálum keppinauta sem farið getur gegn banni við samkeppnishamlandi samstarfi sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og munu óska eftir undanþágu Samkeppniseftirlitsins skv. 15. gr. sömu laga. Samstarf samningsaðila einskorðast við ákvæði samkomulags þessa. Samkomulagið hindrar ekki að fjármálafyrirtæki geti veitt viðskiptavinum sínum frekari


greiðsluferfiðleikaúrræði en samkomulag þetta mælir fyrir um eða keppi að öðru leyti á grundvelli viðskiptaskilmála.

#### IV.

Gildistími samkomulags þessa er til ársloka árið 2012. Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, sbr. III. kafla.

Reykjavík 31. október 2009


**Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**

  
Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra


**Íslandsbanki hf**

  
Birna Einarsdóttir, bankastjóri


**Félags- og tryggingarmálaráðuneytið**

  
Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra


**Nýi Kaupþing Banki hf**

  
Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri

**Slitastjórn SPRON** g AFB

  
Hlynur Jónsson, formaður Slitastjórnar SPRON


**NBI hf**

  
Anna Bjarney Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri


**Byr sparisjóður**

  
Ragnar Zophonías Guðjónsson, sparisjóðsstjóri


**Landssamtök lífeyrissjóða**

  
Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri, með fyrirvara um samþykki einstakra lífeyrissjóða


**SFF, f.h. annarra aðildarféлага SFF**

  
Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri


**Íbúðalánasjóður**

  
Gunnhildur Gunnarsdóttir, sviðsstjóri

**Samband íslenskra sparisjóða**

  
Guðjón Guðmundsson

**Kaupþing banki hf**

  
Finnur Sveinbjörnsson, eftir umboði